

## Rósa Birgitta Ísfeld



Rósa Birgitta Ísfeld er fædd árið 1979.

Hún kom fyrst fram opinberlega sem söngkona í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 1997, en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Rósa Birgitta er söngkona í hljómsveitinni Sometime, sem var stofnuð árið 2006. Hún lætur sér það ekki nægja og syngur einnig í hljómsveitinni Feldberg sem er samstarfsverkefni hennar og Eberg. Með báðum þessum hljómsveitum hefur Rósa Birgitta ferðast um heiminn, nú síðast í nóvember um Japan með Feldberg. Lag Feldberg, Dreamin', var valið lag ársins 2009 á Íslensku tónlistarverðlaununum auk þess sem plata þeirra Don't Be a Stranger var tilnefnd sem Besta platan.

Rósa Birgitta vinnur nú að plötum með báðum hljómsveitum. Rósa Birgitta stundaði um tíma nám við FÍH og hefur sungið alls konar tegundir af tónlist, en tekur nú þátt í Söngvakeppni Sjónvarpsins í fyrsta sinn. Hún flytur lag Sveins Rúnars Sigurðssonar, Stund með þér, laugardagskvöldið 21. janúar.